

- 44** 2. gr.
28. jan. Lög þessi öðlast gildi þá er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðanna, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

- 45** L Ö G
28. jan. **um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.**

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, framlengist til 1. júlí 1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.